




Samkomuskýli rís í Sólbrekkuskógi



Nánari umfjöllun og myndir á bls. 3.

Gróður eða steypa?



Í vor var efnt til samkeppni um skipulag Keldnaland í Reykjavík. Mörgum varð þá hugsað til Kálfamóa, merkilegs reits sem Jóhann Pálsson, grasafræðingur og fyrrverandi garðyrkjustjóri Reykjavíkur, ræktaði upp á Keldum og sinnti af natni í um 70 ár. Kálfamói er nánast eins og eins manns grasagarður og margar fágætar tegundir og kvæmi sem þar þrífast. Hver yrðu örlög þessa merka reits í nýju skipulagi? Yrði hann jarðýtum að bráð og nýtskulegar blokkir reistar í hans stað eða yrði honum fundið hlutverk í nýju hverfi?

Skipulag Keldnaland er til marks um þá þróun sem átt hefur sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðisþörf er mikil og sveitarfélög grípa til þess ráðs að ýmist þetta byggð sem fyrir er eða brjóta nýtt land undir búsetu. Mikilvægt er þó að rasa ekki um ráð fram og huga vel að menningarminjum og náttúru sem fyrir er á þeim stöðum sem hverfa undir malbik. Víða er að finna græn svæði og gamla trjálundi sem voru á sínum tíma langt utan borgarmarkanna, t.d. gamlar sumarhúsalóðir sem fólk hefur ræktað tré á. Þó að sumarhúsin séu oftar en ekki löngu horfin af yfirborði jarðar standa trén enn keik og sýna ekki á sér nokkurt fararsnið.

Slíka reiti má finna í grennd við byggð víða um land. Á höfuðborgarsvæðinu má sem dæmi nefna Garðalund á Álftanesi og Björnslund í Norðlingaholti. Í 1 tbl. Skógræktarritsins var einmitt fjallað um einn slíkan

reit, gamla sumarhúsalóð sem Sigurður Thoroddsen verkfræðingur ræktaði upp við Úlfarsfell en er nú í hættu vegna áforma um íbúabyggð.

Græn svæði kosta sitt

Það skýtur óneitanlega skökku við nú á tímum loftslagsbreytinga og aukinnar umhverfisvitundar að gróðurvinir þurfi að óttast um afdrif trjálunda vegna nýframkvæmda. Í stað þess að ryðja niður trjágróðri í stórum stíl til að rýma fyrir steinsteypu væri nær að fella gamla trjálundi að nýju skipulagi þannig að þeir geti nýst íbúum til útiveru og heilsuefingar. Í sumum tilfellum þarf ef til vill að snyrta þá til og ráðast í stígagerð og aðra innviðauppbýggingu. Það tekur langan tíma og er kostnaðarsamt að koma upp grænum svæðum í nýjum hverfum. Með því að nýta þá trjálundi sem fyrir eru geta sveitarfélög boðið íbúum þessara hverfa upp á græn og gróin svæði án mikils tilkostnaðar eða fyrirhafnar.

Í haust var tilkynnt um vinningstillögu í samkeppninni um skipulag Keldnaland þar sem sænska arkitektastofan FOJAB bar sigur úr býtum. Margir önduðu léttar því samkvæmt tillögum hennar er gert ráð fyrir að Kálfamói fái sess sem útivistarsvæði í nýju skipulagi. Jafnframt er lagt til að svæðið næst Vesturlandsvegi verði lagt undir fjölbreytta trjárækt, svo kallað „Landscape laboratory“. Vonandi er þetta til marks um aukna viðleitni til að vernda og nýta gróin svæði við skipulag nýrrar byggðar.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 32. árgangur, 3. tölublað 2023.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2023:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Jens B. Baldursson gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir
Páll Ingbór Kristinsson
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Auður Kjartansdóttir (AK), Einar Jónsson (EJ), Hjördís Jónsdóttir (HJ), Jens B. Baldursson (JBB), Lydía Rafnsdóttir (LR), Páll Ingbór Kristinsson (PIK), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Reynir Þorsteinsson (RÞ).



Samkomuskýlið í Sólbrekkuskógi er reisulegt mannvirki en skýlið verður yfir 90 m² að flatarmáli (Mynd: EJ).

Samkomuskýli úr innlendum viði rís

Bygging nýs samkomuskýlis í Sólbrekkuskógi á Suðurnesjum er langt komin en vinna við skýlið hófst haustið 2021 þegar undirstöður voru steypar. Skýlið er samvinnuverkefni Skógræktarfélags Íslands, Skógræktarfélags Suðurnesja og Reykjanesbæjar. Nú hefur grind verið reist og hún klædd timbri en hvort tveggja er innlend framleiðsla úr reitum Skógræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktarfélags Árnesinga. Sólbrekkuskógur er í alfaraleið, steinsnar frá Reykjanesbraut og því vinsæll áfangastaður heimamanna sem gesta. Jafnframt er hann einn af 17 Opnum skógum skógræktarfélaganna þar sem sérstök áhersla er lögð á góða aðstöðu og aðgengi.

Verða borð og bekkir fyrir gesti og gangandi í húsinu. Má því reikna með að skýlið verði vinsælt bæði meðal gesta skógarins sem og til viðburðahalds. Þá verður komið upp salernisaðstöðu í sérbyggingu.

Myndirnar voru teknar snemma í nóvember áður en jarðhræringar skóku Grindavík en í kjölfarið var veginum að Sólbrekkuskógi lokað almennt umferð.



Grind og klæðning hússins kemur úr bolum grenitrjáa sem felld voru í Heiðmörk og á Snæfoksstöðum í Grímsnesi (Mynd: EJ).



Í tilefni af árveknisátaki Krabbameinsfélagsins sem gengur út á að vekja athygli á brjóstakrabbameini var forlata selja í Tröð böðuð bleiku ljósi í október (Mynd: LR).

Ljósagangur undir Jökli

Félagar í Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli gerðu sér lítið fyrir á dögnum og komu upp lýsingu meðfram göngustíg í Tröð. Fyrir þá sem ekki þekkja er Tröð sannkallaður sælureitur á Snæfellsnesi og einn af Opnum skógum skógræktarfélaganna. Félagsmenn fjölmenntu og hjálpuðust að við verkið, voru alls settir niður 12 staurar og vantar aðeins sjö til átta til að ljúka því. Að sögn Lydíu Rafnsdóttur, formanns félagsins, eru félagsmenn alsælir með þetta og geta varla beðið með að klára verkið en það verður þó að bíða til næsta árs. Jafnframt var forlata selja uppljómuð bleikum ljósum í október í tilefni af árveknisátaki Krabbameinsfélagsins sem gengur út á að vekja athygli á brjóstakrabbameini.

Þetta er ef til vill nokkuð sem fleiri skógræktarfélög mættu huga að í skógum sínum enda getur lýsing á ákveðnum leiðum aukið notkun skógana og gert þá að fýsilegri áfangastað eftir að skyggja tekur.



Félagar í Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli vinna hörðum höndum að því að koma upp lýsingu meðfram göngustíg í Tröð (Mynd: LR).



Skógrækt yfir 400 metrum

Trjáplöntur sem voru gróðursettar í Bláfjöllum síðasta haust hafa flestar plumað sig nokkuð vel. Markmiðið er að græða svæðið upp að einhverju leyti, bæta undirlag fyrir skíðaiðkun og skapa betra skjól. Gróðursett var í yfir 400 metra hæð og því kemur skemmtilega á óvart hve vel trjáplönturnar virðast þrífast.

Skíðagöngufélagið Ullur stendur að gróðursetningunum í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Sótt var um trjáplöntur frá verkefninu Vorviði.

Sjálfbóðaliðar Ullar settu svo niður víði, birki og furu, með aðstoð frá starfsmanni Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Lifun ótrúlega góð

„Lifun er ótrúlega góð í Bláfjöllum. Ljóst er að víðirinn er að spjara sig vel, birkið 50% en furan virðist ekki vera hamingjusöm“ segir Auður Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri félagsins. Hún var á ferð um svæðið í haust til að kanna líðan plantnanna eftir fyrsta árið. Plönturnar höfðu þá bæði þurft að þola vetrarhörkur sem voru óvenjumiklar síðasta sumar og óvenju þurrt sumar — í yfir 400 metra hæð! Og allt þetta nýkomnar í jörðu.

Starfsmenn félagsins settu líka niður nokkur melgresisstrá með rótum í fyrra. Þau lifa góðu lífi, ári seinna. Vonandi mun melgresið dreifa úr sér. en melgresi hefur lengi verið notað í uppgræðslu. Meira melgresi myndi hjálpa til við að binda skafrenning og bæta allar aðstæður til skíðamennsku. Ef til vill helst snjórinn betur í melgresinu. Þá skaðar það ekki skíðin þótt skíðað sé yfir melgresið. Verra er að skíða yfir grjót.

Gróðursetningarnar sýna að gróður getur vel þrífist í Bláfjöllum. Og það þótt umhverfið sé hrjóstrugt á að líta. Það er ótrúlegt til þess að hugsa hve mikið væri hægt að græða upp og bæta allar aðstæður á stöðum eins og í Bláfjöllum. Og það með einföldum aðgerðum eins og að dreifa melgresi og klippa niður víði og setja niður.

Skógræktarfélag Reykjavíkur



Gústaf Jarl Viðarsson, starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, virðir fyrir sér árangur gróðursetninganna (Mynd: AK).



Keppendur í Heiðmerkurhlaupinu gera sig klára fyrir hlaup í ægifagurri umgjörð skógarins (Mynd: HJ/ Skógræktarfélag Reykjavíkur).

Heilsuefling í skógunum

Skógar skógræktarfélaga hafa verið vinsælir til hvers kyns íþrótt- og heilsuviðburða í sumar og haust. Það fer vel á því enda var alþjóðadagur skóga í ár tileinkaður skógum og heilbrigði. Þannig mættu hátt í 200 manns í Bakgarðshlaup Náttúruhlaupa í Heiðmörk í september og álíka margir í Heiðmerkurhlaupið skömmu síðar. Þá tóku nærri 70 manns þátt í Enduro-móti hjólréiðafélagsins Tinds í Esjuhlíðum sem einnig eru í umsjá félagsins.

Í haust blés Skógræktarfélag Stykkishólms til Utanvegahlaups í Sauraskógi þar sem hægt var að velja á milli tveggja vegalengda og mættu um 30 hlauparar og stuðningsmenn. Skógræktarfélag Eyfirðinga tók höndum saman með Eyjafjarðarsveit þegar efnt var til

Íþróttaviku Evrópu í sveitarfélaginu í lok september. Boðið var upp á hefðbundna skógargöngu í Botnsreit, núvitundargöngu í Garðsárreit og vasaljósagöngu í Reykhúsaskógi.

Það er ánægjulegt að svo margir og fjölmennir íþróttaviðburðir skuli fara fram í skógum landsins og gildir þá einu hvort um er að ræða keppnir eða viðburði ætlaða almenningi. Þeir hafa mikið gildi fyrir lýðheilsu og skógarmenningu. Fólk sem tekur þátt í slíkum viðburðum myndar jákvæð tengsl við skóginn og er líklegt til að sækja meira í hann. Vonandi verður framhald á þeim íþróttaviðburðum sem þegar hefur verið komið á laggirnar í skógum landsins. Jafnframt væri gaman að sjá frekari fjölgun slíkra viðburða.

Jólamarkaður í Heiðmörk

Jólamarkaðurinn í Heiðmörk og Jólaskógurinn á Hólmsheiði verða opnaðir helgina 2.-3. desember. Markaðurinn verður opinn báða dagana kl. 12-17 en Jólaskógurinn kl. 11-16. Sú skemmtilega hefð hefur skapast við opnun Jólamarkaðarins að sönghópur úr Norðlingaskóla syngi jólalög. Þann dag er Jólamarkaðstréð einnig opinberað en í ár er það skreytt af listamanninum Lilý Erlu Adamsdóttur. Á Jólamarkaðinum við Elliðavatnsbæinn verður handverksmarkaður, jólatrjáasala, upplestur rithöfunda í Rjóðrinu og jólastemmning. Nánari upplýsingar um Jólamarkaðinn má nálgast á heidmork.is.

Sannkölluð jólastemmning ríkir á Jólamarkaðinum í Heiðmörk (Mynd: RF).



Endurbætur á stígum í Slögu

Skógræktarfélag Akraness réðst í haust í endurbætur á þremur nýlegum stígum í Slögu og naut til verksins styrks úr Landgræðslusjóði. Stígarnir sem voru lagðir fyrir fáeinum árum reyndust of blautir stóran hluta ársins til að vera færir þar sem vatnsrásir meðfram þeim voru of grunnar. Reynslan var sú að þessi svæði urðu að nokkru leyti útundan í gróðursetningu og öðrum nauðsynlegum verkum á nýju svæðunum. Aðgengi þarf að vera gott til að skógræktarsvæðum sé sinnt með viðunandi hætti. Stígarnir og ræsin undir þá voru of mjó, um 2 metrar. Bílar keyrðu því í sömu hjólförum sem urðu of djúp þar sem þetta eru grasstígar. Sláttuvél gat þess vegna ekki farið um svæðið. Markmið þessara lagfæringa var að dýpka vatnsrásirnar og þar með þurrka stígana og breikka þá í 3-4 metra. Þá er hægt að nota jeppa sem valtare til að þjappa stígana niður og halda grasinu í skefjum.



Einn stigurinn fyrir lagfæringar. Búið að lengja gamla frárennslisrörið en eftir að dýpka vatnsrásirnar og lagfæra stíginn (Mynd: JBB).

Við framkvæmdirnar voru meðal annars vatnsrásir dýpkaðar, frárennslisrörum fjölgað og stígar breikkaðir. Þá var slæm beygja á stíg sem tengir gamla og nýja svæðið í Slögu lagfærð en hún hafði reynst erfið þeim sem fóru um stíginn á bíl með kerru í eftirdragi. Jafnframt hafði mold úr brekkunni hrunið niður á stíginn og stíflað vatnsrásina.

Það er von forsvarsmanna Skógræktarfélags Akraness að stígarnir nýtist betur eftir endurbæturnar hvort heldur er til umhirðu eða til að bæta aðgengi almennings að svæðunum.

*Jens B. Baldursson
formaður Skógræktarfélags Akraness*



Búið að grafa djúpa vatnsrás neðst. Vatnsrásin grynngar smám saman þegar hærra kemur í landslagið. Torfur settar í stíginn og hann breikkaður. Neðst sett stórt vatnsrör, 20x6000 cm (Mynd: JBB).



Rör voru sett í vatnsrásina á fjórum stöðum þannig að auðvelt sé að komast inn á skógræktarsvæðið (Mynd: JBB).



Beygjan á þessum stíg er of kröpp og moldarbarðið of bratt. Úr því hefur hrunið, vatnsrás undir stíflast og vatn flætt niður eftir stígnum og skemmt hann (Mynd: JBB).

Skógarjóga og bogfimi

Það var ýmislegt í boði á hátíðinni „Líf í lundi“ í Álfholtsskógi í sumar. Farið var í skógargöngu með þeim sem höfðu áhuga. Boðið var upp á plöntugreiningu og mandölugerð úr skógarefni. Jógakennarar kynntu skógarjóga. Það var einnig tálgtilsögn fyrir unga fólkið sem heilmikil þátttaka var í. Síðan en ekki síst höfðu víkingar reist búðir og þar fengu gestir að taka þátt í axarkasti og bogfimi. Víkingarnir sýndu einnig og seldu smáhluti er þeir höfðu búið til. Þessi viðvera skemmti gestum ungum sem öldnum og tókst dagurinn vel í sumarblíðu. Gestir fengu síðan kakó og meðlæti að vild.

Á laugardag fyrir páska var sett upp í Álfholtsskógi leit að páskaeggjum fyrir börn úr Heiðarskóla sem félagar sáu um í nafni Hvalfjarðarsveitar. Það var heldur betur fjörugt meðan á því stóð. Öll eggin fundust.



Hvað er betra en að skella sér í jóga í fallegu skógarrjóðri á hlýjum sumardeg? (Mynd: RÞ).



Gestir í Álfholtsskógi reyna fyrir sér í bogfimi á Lífi í lundi síðastliðið sumar (Mynd: RÞ).



Mikil ánægja var með páskaeggjaleit sem fram fór í Álfholtsskógi fyrir páskana (Mynd: RÞ).

Stígur gegnum lerkilund

Á Gunnfríðarstöðum var lokið við vinnu í sumar á göngu- og tækjaslóða í gegnum lerkilund sem hefur fengið grisjun síðustu árin. Slóðinn eða stígurinn er um 1,5 km langur og liggur frá skógarkofa að bæjarrústum og myndar hringtengingu. Slóðinn bætist við leiðir um skóginn sem voru um 6,5 km í heildina. Leiðin er um 1,5 km löng með fjölbreyttum skógi og opnum svæðum við gönguleiðina.

Þá keypti Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga ruddasláttuvél til að koma til móts við útivistarfólk sem hefur óskað eftir greiðari leiðum um mikið grasivaxnar leiðir. Vaxandi áhugi er á að stunda útivist í Gunnfríðarstaðaskógi.

Unnið að gerð göngustígs á Gunnfríðarstöðum (Mynd: PIK).

